

**Mættir:** María Pálmadóttir, skólastjóri, Hrönn Bergþórsdóttir, aðstoðarskólastjóri, Selma Jónasdóttir, kennari, Bjartey Sigurðardóttir, kennari, Hrefna Nelly forstöðumaður heilsdagsskóla, Mjöll Flosadóttir, fulltrúi foreldra, Saga Sif Gísladóttir, fulltrúi nemenda, Arnór Daði Eiríksson, fulltrúi nemenda. Kristín Thoroddsen, fulltrúi grenndarsamfélags og Vilhjálmur K. Haraldsson, fulltrúi foreldra boðuðu forföll.

**1. Símenntunar-, starfs- og rekstraráætlun.**

Farið var yfir símenntunaráætlunina og kynntar þær áherslur sem skólinn hefur. Ekki hefur enn verið úthlutað fjármagni. Stuttlega var rætt um starfs- og rekstraráætlun en ekki liggja enn fyrir tölur fyrir næsta vetur. Rætt var um horfur framundan og ákveðið að taka þetta málefni upp aftur þegar línur skýrast.

**2. Heimasíðan:**

Ákveðið var að geyma þennan lið þar til síðar.

**3. Nemendakannanir.**

Skólapúlsinn var kynntur og sagt frá fyrirkomulagi kannana sem lagðar eru fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 6 sinnum á ári. Einnig voru spurningar skoðaðar og rætt um þá efnisþætti sem kannaðir verða og úrvinnslufyrirkomulag.

**4. Önnur mál:**

- a. Skólalönging – ákveðið að stefna að skólalönging með þátttöku foreldra og kennara í mars. Dagsetning enn ekki ákveðin. Afgreitt á næsta fundi.
- b. Rætt var lítillega um skóladagatal næsta vetrar. Meðal annars voru vetrarleyfin rædd og fram kom í umræðunni að heppilegt væri að samræma við Flensborg. Einnig var rætt um lengd vetrarleyfa og hvort þau ættu að vera bæði á haust- og vorönn. Skiptar skoðanir eru þar um.
- c. Ákveðið var að halda næsta skólaráðsfund þann 2. mars.